

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1978, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Gjört í Reykjavík 2. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

5. maí 1978.

Nr. 9.

L Ö G**um geymslufé.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hver sá, sem inna á af hendi peningagreiðslu, en fær ekki greitt kröfueiganda vegna ástæðna eða atvika, sem kröfueigandi ber ábyrgð á, getur fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða skuldina á geymslureikning í ríkisviðskiptabanka eða annarri þeirri innlánsstofnun, sem heimild hefur lögum samkvæmt til þess að taka við geymslufé (depositum).

2. gr.

Við greiðslu á geymslureikning skal greiðandi greina ástæður til þess, að þessi greiðsluháttur sé nauðsynlegur, gefa upplýsingar um kröfuna, sem greiða á, og nafn, nafnúmer og heimilisfang eiganda, ef unnt er.

Greiði banki röngum aðila geymslufé vegna rangra eða ófullnægjandi upplýsinga, telst greiðandi ekki hafa uppfyllt greiðsluskyldu sína.

Greiðandi skal án ástæðulauss dráttar tilkynna kröfueiganda um greiðslu á geymslureikning, ef það er unnt. Vanræki greiðandi þessa tilkynningarskyldu sína, ber hann ábyrgð á tjóni, sem af því kann að leiða fyrir kröfueiganda.

3. gr.

Geymslufé greiðist þeim aðila, sem sannar rétt sinn til þess.

4. gr.

Sá, sem greitt hefur inn á geymslureikning, getur ekki fengið geymsluféð endurgreitt, nema hann annaðhvort sé orðinn kröfueigandi og sanni rétt sinn til geymslufjárins skv. ákvæðum 3. gr., eða skv. ákvæðum 2. mgr. 5. gr.

Geri greiðandi víðtækari fyrirvara um endurgreiðslu geymslufjár sér til handa, gilda ákvæði laga þessara ekki um þá greiðslu.

5. gr.

Réttur kröfueiganda til geymslufjár fyrnist á 20 árum frá innborgunardegi að telja. Áður en fyrningartími er liðinn, skal innlánsstofnun sú, sem varðveitir geymsluféð, tilkynna kröfueiganda og greiðanda um geymsluféð, sé þess kostur.

Greiðandi getur krafist endurgreiðslu geymslufjár í eitt ár eftir að liðinn er sá tími, sem um ræðir í 1. mgr.

Þegar frestir skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru liðnir, án greiðslu geymslu-fjárins til aðila, rennur það til ríkissjóðs.

6. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um geymslufé og meðferð geymslureikninga.

7. gr.

Sérreglur um geymslufé í öðrum lögum skulu halda gildi sínu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 5. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49 1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í hönkum og sparissjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefni, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kaupþúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 5. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.